



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 2. október 2024

MSS24090021

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um lestrarkennslu

Á fundi borgarráðs, 5. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Óskað er eftir upplýsingum um næstu skref skóla- og frístundasviðs í lestrarkennslumálum. Mun sviðið leggja fram sínar eigin hugmyndir um t.d. hvernig hægt er að styðja börn enn frekar í lestrarnámi með það að markmiði að auka lesskilning eða er ætlunin að bíða eftir hvaða skref ráðherra barnamála ætlar að taka í málaflokknum?

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

Svar:

Skóla- og frístundasvið leggur mikla áherslu á læsi í leik- og grunnskólum. Miðja máls og læsis hefur verið í fararbroddi í því að efla kennara og starfsfólk í vinnu með málþroska og læsi. Meginmarkmið og hlutverk Miðju máls og læsis (MML) er að styðja við starfsmenn skóla- og frístundasviðs. Það er gert með því að efla fagmennsku kennara og starfsfólks með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð er snúa að málþroska og læsi, fjölmenningu og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Mikill fjöldi námskeiða, vinnustofa, lærdómssamfélaga sem og smærri fræðsluerinda eru haldin hjá MML á hverju ári bæði fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs og fyrir foreldra. Sérfræðingar MML fara inn á starfsdaga og starfsmannafundi með stutt erindi og halda bæði námskeið og stutt erindi fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna s.s. um málþroska, lestrarnámið og eflingu orðaforðans.

Mikil áskorun er í því að taka á móti fjölda nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og kenna þeim að lesa á íslensku. Einnig er það stórt verkefni að taka á móti stórum hópi barna sem er að flýja átök og/eða hafa rofna eða enga skólagöngu að baki. Horfa þarf til þessa stækkandi hóps þegar læsisniðurstöður eru skoðaðar.

Hjá MML starfa sérfræðingar í málþroska og læsi, í fjölmenningarlegum starf- og kennsluháttum, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli auk fimm brúarsmiða sem hafa það hlutverk að byggja brú milli fjöltýngdra barna, fjölskyldna þeirra og starfsmanna í skólum borgarinnar. Brúarsmiðir tala fjölda tungumála og sinna ráðgjöf og fræðslu til foreldra um nám barna þeirra og hlutverk foreldra á Íslandi sem skólaforeldri. Þeir veita einnig ráðgjöf til starfsfólks og kennara vegna barna og fjölskyldna af erlendum uppruna og efla menningarlæsi þeirra með millimenningarfræðslu og kennsluráðgjöf. Miðja máls og læsis er í mjög góðu samstarfi við háskólasamfélagið og leitar til þeirra varðandi rannsóknir, sérfræðiráðgjöf og fyrirlesara á námskeið.



Reykjavík



Staða verkefna og megináhersla MML er varða málþroska og læsi:

- Allir leikskólar vinna með bernskulæsi og meta málþroska barna bæði við þriggja ára aldur og fimm ára.
- Allir leikskólar í Reykjavík leggja fyrir hljóm2, skimun til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna, og nota niðurstöður til hagsbóta fyrir börnin.
- Allir leik- og grunnskólar eiga að vera með læsisstefnu og vera í markvissu samstarfi við aðra skóla og önnur skólástig um alla þætti læsisins.
- Unnið er með frístundalæsi bæði í frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum.
- Allir grunnskólar nota hljóðaaðferð í lestrarkennslu á yngsta stigi og kenna læsi upp allan grunnskólann.
- Allir grunnskólar leggja fyrir Lesmál í 2. bekk.
- Allir grunnskólar í Reykjavík leggja fyrir Lesferil í öllum árgöngum grunnskólans og noti niðurstöður til hagsbóta fyrir börnin og skólustarf. Lesferill er samræmt mat í læsi og hefur verið notað í Reykjavík síðan það kom út hjá Menntamálastofnun.
- Á mið- og unglingastigi er mikil áhersla á að kenna lesskilningsleiðir.
- Áhersla er á að stuðning sé við þá sem eru í lestrarvanda upp allan grunnskólann.
- Lögð er áhersla á allir skólar noti stigskipta kennslu og kennsluaðferðir sem sýnt hefur verið fram á að sýni árangur.

Reynsla sérfræðinga MML hefur kennt þeim að þegar heildstæð læsisverkefni fara af stað, þar sem allt skólasamfélagið tekur þátt og markviss vinna er upp allan grunnskólann sem byggir á raunprófuðum kennsluaðferðum, næst árangur.

Samræmt mat í læsi hefur verið notað í öllum grunnskólum í Reykjavík síðan lesferill kom út hjá Menntamálastofnun árið 2017. Lesferill er samræmt próf og lagt fyrir í 1. til 10. bekk a.m.k. tvisvar á ári. Í 1. bekk er fyrsti hlutinn lagður fyrir í byrjun október, fyrsti hluti Lesferils sem heitir lesferill í 1. bekk að hausti. Niðurstöður hans gefa kennurum góðar upplýsingar um stöðu barna í málþroska, stafabekkingu og hljóðkerfisvindu þeirra. Allir skólar nýta þessar niðurstöður til að stigskipta kennslunni börnunum til hagsbóta. Þegar þessi skimun er tekin hafa börnin verið í grunnskóla í rétt rúman mánuð. Því er ekki óeðlilegt að þau geti aðeins lesið nokkur orð þar sem enn er verið að leggja inn starfi og einfaldar orðmyndir.

Miðja máls og læsis hefur ásamt tölfræðisérfræðingum skrifstofu skóla- og frístundasviðs umsjón með fyrirlögn Lesmáls í 2. bekk að vori. Þegar niðurstöður liggja fyrir fara sérfræðingar MML í heimsóknir í þá skóla þar sem niðurstöður eru ekki sem bestar og í framhaldi af því er boðin ráðgjöf og haldin námskeið fyrir kennara til að efla lestrarkennslu á yngsta stiginu. Auk þess að læsiskennsla á mið- og unglingastig er skoðuð með hliðsjón að lesskilningi og lesskilningsleiðum í kennslu. Framundan er aukið samstarf MML við skólateymi í borgarmiðstöðvum um niðurstöðurnar og í samstarfi við miðstöðvar farið í frekari stuðning og eftirfylgd við skóla þar sem þörf er á. Þeir skólar sem sýna góðan árangur er einnig heimsóttir því af þeim má læra og reynslu þeirra miðlað. Framundan er því frekari eftirfylgd aðgerða og umbóta.

Leikskólinn er lykill að lestrarfærni síðar á skólagöngunni. Þess vegna er mjög mikilvægt að starfsfólk og kennarar hafi góða þekking á málþroska og læsisleiðum fyrir börn á leikskólaaldri. Starfsfólk þarf að vera góðar málfyrirmyndir og geta eflt samtál leikskólabarna. Boðið er upp á fría íslenskukennslu fyrir starfsfólk í skólum og frístundastarfi.



Í öllum hverfum hafa verið sett saman heildstæð læsisverkefni þar sem samstarf er milli leikskóla og grunnskóla og hefur frístundastarfið verið með í samstarfinu í einu hverfi. Lögð verður áhersla á að styðja enn frekar við þessi verkefni.

Til að veita leikskólum verkfæri var myndaorðabókin Orð eru ævintýri gefin út í samstarfi MML og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og er markmiðið með bókinni að efla orðaforða barna og samtal. Bókin hefur verið gefin börnum í fjórum árgöngum barna á leikskólaaldri til eignar. Auk þess hefur bókin verið afhent öllum leik- og grunnskólum. Fjöldi frístundaheimila hefur einnig nálgast bókina. Miðstöð menntunar hefur tekið verkefnið lengra og útbúið heimasíðu þar sem finna má þýðingar á orðunum á fjölda tungumála, hljóddæmi með íslenskum framburði orðanna og með gagnvirku efni, leikjum o.fl. Auk þess sem nýlega komu út myndaspjöld og kassar með orða og myndakortum sem einnig hafa verið gefin til allra leik- og grunnskóla á landinu. Leiðbeiningar eru í bókinni til foreldra en einnig er að finna á heimasíðunni hugmyndabanka fyrir leikskóla og fyrir kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrir grunnskóla. Heimasíðuna og rafræna útgáfu af bókinni má finna [hér](#).

Skóla- og frístundasvið vinnur nú að því að setja saman næstu aðgerðaáætlun menntastefnu Reykjavíkur og verður hún tilbúin síðar á þessu ári. Læsi skipar þar öndvegis sess ásamt inngildingu/farsæld og stafrænni umbreytingu náms og kennslu. Þá er búið að auka samstarf við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu um læsi og læsiskennslu og MML tímabundið hluti af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Þá eru allir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs hluti af MEMM verkefninu sem stýrt er af mennta- og barnamálaráðuneytinu.